



Haustönn 2019

Kennsluáætlun í TÖLN1GR05

	Hagnýt tölvunotkun
Viðfangsefni	Grunnáfangi í tölvunotkun
Skammstöfun	TÖLN1GR05
Lýsing	Í þessum grunnáfangi í tölvunotkun er farið yfir atriði í Office 365 eins og Word, Excel og PowerPoint. Einnig verða kynnt ýmis forrit sem hjálpa til við nám í FSu eins og hljóð og myndvinnslu og myndbandsforrit. Rennt yfir Python forritunarmálið og skoðuð ýmis önnur forrit sem geta gagnast nemendum.
Forkröfur/Undanfari	Engar.
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á notkunarmöguleikum ýmissa forrita s.s. ritvinnslu, töflureiknis, kynningarforrits auk ýmissa annarra forrita sem tölvuský bjóða upp á.
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: Nota Word til ritvinnslu Setja upp gögn á skýran hátt í Excel Búa til línurit og töflur í Excel Nota möguleika PowerPoint Vinna hljóð í Audacity Vinna með myndir í Paint net eða sambærilegum forritum Vinna með myndbandsskrár Nota ýmis forrit á netinu sem geta hjálpað við nám í FSu Læra sjálfur á ný forrit
Hæfniviðmið	Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Sýna sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum Bera ábyrgð á eigin námsframvindu
Fyrirkomulag námsmats	Fjölbreytt verkefni metin jafnt og þétt yfir önnina. Áhersla á umsagnir sem leiða nemandann áfram. Verkefni ýmist 1-2-3 eða 4 kennslutíma verkefni og þau gilda frá 2% upp í 8%. Skila þarf að lágmarki 80% verkefna og með meðaltalseinkunn allra verkefna, skilaðra og óskilaðra, 5 eða hærri til að klára áfangann.

Áætluð skipting verkefna: Word 30% Excel 25% PowerPoint 10% Önnur forrit 35%

Kennari: Helgi Hermannsson: tölvupóstur: hhm@fsu.is

Kennslubækur: Efni frá kennara á INNU

Önnur námsgögn: Aðgangur að tölvu með Windows stýrikerfi og forritum. Frí uppsetning á OFFICE 365 á meðan nemandi er skráður í FSu. .

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil: Ítarleg vinnuáætlun er sett fram í kennslukerfinu INNU. Þar er að finna upplýsingar um lesefni, verkefni og skiladaga.